

## Samþykktir Starfsgreinadeilda

### 1. gr.

Starfsgreinadeild geta þeir sem vinna sambærileg störf stofnað þvert á starfsdeildir félagsins. Hlutverk starfsgreinadeilda er að mynda sameiginlegan starfsvettvang til að efla faglega þætti starfanna og hagsmuni um kjara- og réttindamál. Starfandi deildir eru:

- a. Fræðslu-og frístundadeild
- b. Háskóladeild
- c. Íþróttamannvirki
- d. Ríkisstarfsmannadeild
- e. Safna og menningardeild
- f. Skrifstofa og stjórnsýsludeild
- g. Umhverfis- og tæknideild
- h. Velferðardeild

### 2. gr.

Deildir starfar í samræmi við ákvæði nr. 25 laga Kjalar og samkvæmt gildandi samþykktum hvernar deildar sem settar eru á stofnfundi þeirra. Starf deildarinnar er fjármagnað af félagssjóði sem ákveðið er af stjórn Kjalar hverju sinni. Skrifstofa félagsins sér um rekstur deildanna.

### 3. gr.

Viðfangsefni deildarinnar skulu vera;

- að mynda sameiginlegan starfsvettvang.
- að efla faglega þætti starfanna og hagsmuni um kjara-og réttindamál.
- deildin skuli eiga samstarf við aðrar deildir félagsins eftir því sem tilefni gefst.

### 4. gr.

a) Trúnaðarmenn boða til fyrsta fundar og sjá um að skipaður verði talsmannahópur sem skiptir með sér verkum sem talsmann og ritara

b) Trúnaðarmenn hvernar deildar eiga rétt til setu á hverjum fundi hjá sinni deild.

**5. gr.**

Talsmaður skal boða fundi skv. ákvörðun deildarinnar eða stjórnar félagsins.

Fundi skal boða með rafrænum hætti, auglýsingu í blaði félagsins þegar því verður við komið eða með bréflægri tilkynningu til deildarféлага

Bóka skal fundagerðir rafrænt og þær geymdar á tryggilegan hátt og afrit sent afrit til stjórnar Kjalar.

**6. gr.**

Samþykktum þessum má aðeins breyta af stjórnar Kjalar.